

Guðný Zoëga

Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2009



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2009/95



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2009/95

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Garður í Hegranesi – Hegranesþing.....	4
Gil í Borgasveit.....	13
Stóra–Seyla á Langholti.....	18
Mið-Grund í Blönduhlíð	25
Samantekt og umræða	30
Heimildir	32

Inngangur

Skagfirska kirkjurannsóknin hófst formlega á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga í byrjun árs 2008 en rannsóknir á heimildum um elstu kirkjustaði hefur þó staðið yfir lengur. Rannsókninni er ætlað að skrásetja og kortleggja alla elstu kirkjustaði í héraðinu og er þá leitað fanga í ýmsum heimildum. Farið hefur verið ítarlega í gegn um Íslenskt fornbréfasafn, leitað í örnefnaskrár að vísbendingum um mannvirki og munnmæli tengdum kirkjum og kirkjugörðum auk þess sem stuðst er við fjölmargar yngri ritheimildir og frásagnir heimildamanna. Gera á fornleifakannanir á stöðum sem ætlað er að kirkjur/kirkjugarðar hafi staðið í elstu tíð og er þá sérstök áhersla lögð á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundir eða óljósari heimildir um tilvist þeirra.

Markmið rannsóknarinnar er að fá frekari upplýsingar um aldur og fjölda garðanna auk þess sem mikilvægar upplýsingar fást um samfélagsgerð á fyrstu öldum kristni sem og kirkjupólitíska þróun innan héraðs og almenna byggða- og valdaþróun. Fáar heimildir eru til um þessa þætti á því tímabili sem rannsóknin nær til og er henni ætlað að vera frumrannsókn á víðum grunni sem gagnast á sem flestum fræðasviðum.

Kristnir grafreitir eru góð tæki til rannsókna á þessum þáttum fyrir ýmissa hluta sakir. Þar er t.d. að finna í formi mannabeina einstaka heimild um samfélagsgerð, heilsufar, umhverfi og aðbúnað einstaklinga, sem og fjölskyldna eða stærri þjóðfélagshópa. Þar sem kirkjugarðarnir sjálfir voru hringlaga skera þeir sig frá öðrum mannvirkjaleifum auk þess sem helgin sem hvílt hefur á þeim hefur oft orðið til þess að görðunum er fremur þyrmt við framkvæmdir en öðrum mannvirkjum. Kirkju- og/eða kirkjugarðs er stundum getið í fornum heimildum, bæði máldögum kirkna en einnig í gömlum arfsögnum. Vegna þess hve auðþekkjanleg lögum kirkjugarða er og þess að oft hafa bein komið óvænt upp við framkvæmdir eða jarðvinnslu, er garðanna oft getið í yngri heimildum s.s. örnefnaskrár og byggðasögum. Garðarnir voru frá upphafi nánast undantekningalaus við bæina sem þeir tilheyrðu og getur staðsetning þeirra, eða örnefna þeim tengd, vísað til fornra bæjarstæða þar sem nú eru e.t.v. gróin tún og engar heimildir aðrar um byggð.

Breytingar á greftrunarháttum, tilfærsla bæja og eignarhald kirkna gefur hugmyndir um valdabreytingar og byggðasöguleg áhrif hinna ýmsu stofnana svo sem Hólastóls og Reynistaðaklausturs. Rannsókn kirkjustaðanna er frumrannsókn en með henni er auk þess ætlunin að draga saman þræði úr þeim viðamiklu rannsóknum sem farið hafa fram í héraðinu á umliðnum árum. Þar má nefna Hólarannsóknina, Keldudalsrannsóknir, rannsóknir vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar og jarðsjárrannsóknir bandarískra eðlis- og fornleifafræðinga svokölluð Skagafjörður Archaeological Settlement Survey (SASS) sem hafa að mestu farið fram á Langholti.

Fornleifaskráning hefur farið fram á mörgum staðanna og frekari fornleifarannsóknir hafa farið fram á tíu fornum grafreitum. Rannsóknirnar hafa þegar bætt miklu við þekkingu á birtingarformi kristinnar á fyrstu öldum hennar hérlendis. Ein frumniðurstaða rannsóknarinnar er staðfesting þess sem jarðsjármælingar hafa bent til að miklar

samfélagsbreytingar verða á 11. – 12. öld en þá virðast bæjarstæði/bæjarhús hafa flust til og verulegur fjöldi smærri kirkjugarða, sem hafa verið mjög algengir, leggst af.

Rannsóknin er gerð í samstarfi við aðrar fornleifarannsóknir innan héraðs og má þar nefna rannsóknir tengdar ritun Byggðasögu Skagafjarðar, Hólarannsóknina og fyrrnefnda jarðsjárrannsókn. Einnig tengist hún doktorsverkefni verkefnisstjóra við Oslóarháskóla sem fjallar um elstu kirkjugarða og þær upplýsingar sem fá má við rannsóknir mannabeina úr þeim.

Vettvangsrannsóknir voru í höndum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga og starfsmenn hennar, Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson unnu að verkefninu. Einnig komu að uppgreiftri kirkjugarðanna á Stóru-Seylu starfsmenn og sérfræðingar SASS undir stjórn Dr. Douglas Bolender og Dr. John Steinberg hjá Boston háskóla. Sérfræðingur við jarðsjármælingar var Dr. Brian Damiata frá Kaliforníuháskóla.


Aðferðarfræði við rannsóknina

Á eftir úrvinnslu heimilda eru farnar vettvangsferðir og fornleifar skráðar á þeim jörðum sem um ræðir. Nú þegar hafa 24 jarðir verið skráðar í tengslum við verkefnið og er unnið að úrvinnslu þeirra gagna. Auk hefðbundinnar yfirborðsskráningar fornleifa hefur einnig verið stuðst við jarðsjármælingar. Einnig fer fram, í tengslum við verkefnið, gerð land-upplýsingagrunns þar sem skrásettar eru uppmælingar fornleifa, staðsetningar jarða og fornþýla, landamerki, sóknarmörk og aðrar upplýsingar sem koma að gangi við úrvinnslu rannsóknargagna.

Við uppgröft er mismunandi aðferðarfræði beitt eftir því um hvernig minjar er að ræða. Þar sem að leita þarf uppi veggj kirkjugarðs eða bæjarstæði sem ekki sjást á yfirborði er í fyrstu notaður kjarnabor. Kjarnabor hefur þann kost að geta gefið upplýsingar um tilvist mannvirka og mögulegan aldur þeirra með litlum tilkostnaði eða skemmdum á minjunum. Einnig hefur verið stuðst við jarðsjármælingar en þær eru háðar því að þar til bærir sérfræðingar og sérhæfður tæknibúnaður séu til staðar.

Þar sem kirkjugarðsveggur sést á yfirborði eða grunsemdir eru um að slíkur veggur liggi, er gerður könnunarskurður í gegn um vegginn eða hluta hans. Snið í skurðinum eru teiknuð upp, þeim lýst og þau ljósmynduð. Þar sem aðstæður leyfa er skurðurinn tekinn lengra inn í kirkjugarðinn frá kirkjugarðsveggnum og er þá reynt að taka skurðinn þvert á stefnu grafa, þ.e. norður-suður. Leitast er við að grafa ekki þar sem vænta má flókinna mannvistarlaga eða þar sem að seinna hefur verið byggt ofan í garðinn. Jarðlög innan kirkjugarða eru venjulega fremur einföld en þar sem skurðir eru teknir innan garðs eða stærri svæði opnuð er grafið í lögum (context) sem er viðurkennd aðferðarfræði innan fornleifafræðinnar. Þá er hvert jarðlag fyrir sig grafið fram sérstaklega, það mælt upp, myndað og skráð. Oftast eru duga þó einfaldar sniðteikningar úr skurðunum þar sem að einungis er verið að opna smærri svæði. Þar sem grafir koma í ljós er ein gröf grafin að fullu og beinagrind fjarlægð. Það er gert bæði til að staðfesta að um grafreit sé að ræða en einnig hvernig varðveisla beina sé en það skiptir miklu máli fyrir rannsóknargildi garðsins.

Garður í Hegranesi – Hegranesþing



Mynd 1. Yfirlitsmynd af þingstaðnum. Kirkjugarðurinn er hringlaga garðlagið lengst til vinstri. Túngarðurinn sem sést á myndinni er seinni tíma mannvirki sem nær yfir kirkjugarðsvegginn að hluta. Ljós. Hjalti Pálsson.

Austanvert á norðurhluta Hegraness, í landi jarðarinnar Garðs, eru umfangsmikið minjasvæði, rústir og garðlög sem talin hafa verið hið forna Hegranesþing. Þingsins er getið í nokkrum íslendingasagna¹ en svo virðist sem vitneskja um þingstaðinn hafi verið týnd á 18. öld.² Fyrsta nákvæma lýsing staðarins er gerð af Kålund 1879 en þar telur hann um 40 búðir og hringlaga tóft.³ Sigurður Vigfússon⁴ skoðaði staðinn nokkrum árum seinna og taldi þá 46 búðir og tvo hringa og taldi stærri hringinn (kirkjugarðinn) vera lögréttuna sem getið er í Grettis sögu. Daniel Bruun gerði uppdrátt af staðnum 1896 og sýnir á honum 80 tóftir. Hann taldi að eftir að þingið var yfirgefið hefði þar verið reistur bær og tún með túngarði sett yfir.⁵ Tvær seinni tíma rannsóknir hafa farið fram á staðnum. Sú fyrri var á vegum Þjóðminjasafns Íslands vegna vegaframkvæmda árið 1974 og var þá rannsókuð tóft sem talin var geta verið búðatóft.⁶ Síðari rannsóknin fór fram 2003 en þá gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifakönnun á staðnum í tengslum við rannsóknir á íslenskum þingstöðum. Grafið var í

¹ Má þar nefna Grettis sögu (Íslensk Fornrit VII, bls. 229), Ljósvefninga sögu (Íslensk fornrit X, bls. 83 og Guðmundar sögu (Biskupasögur I, bls. 490).

² Adolf Friðriksson (ritstj.) 2003, bls 39.

³ Kålund,, Bidrag, 1879, bls. 78-79.

⁴ Sigurður Vigfússon, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894, bls. 110-117.

⁵ Adolf Friðriksson (ritstj.) 2003, bls. 39.

⁶ Guðmundur Ólafsson og Mjöll Snæsdóttir, Árbók 1976, bls. 78.

meinta búðatóft og kom í ljós að hún var reist stuttu eftir að gjóska úr Heklu féll árið 1104. Þá var einnig grafið í meintan dómhring eða lögréttu. Í könnunarskurði innan hringsins komu fram niðurgreftir sem líktust einna helst gröfum og komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að þarna væri líklega um fornan kirkjugarð að ræða en ekki gafst þeim tími til að fullsanna þá kenningu sína frekar.

Áður en rannsóknin fór fram 2003 var engin vitneskja eða grunur um tilvist kirkju- eða kirkjugarð í Garði né heldur í tengslum við þingstaðinn. Staðurinn var því mikilvægur fyrir skagfirsku kirkjurannsóknina, bæði bætir hann við þekkingu á staðsetningu og fjölda elstu kirkna og kirkjugarða en einnig við sögu þingstaðarins og túlkun þeirra minja sem þar er að finna.

Á þingstaðnum eru greinanlegir tugir tófta sem túlkaðar hafa verið sem búðatóftir en einnig er hluti þeirra . Túngarður liggur yfir hluta tóftanna og umlykur hann það annars sögulausa býli sem nefnt er Litli-Garður í örnefnaskrá. Við suðaustur horn túngirðingarinnar er hringlaga garður um 30m í þvermál. Innan hans er tóft sem svipar um margt til annarra búðtófta. Hringnum hefur fylgt sú sögn að þar sé um að ræða dómhring eða lögréttu þingstaðarins.


Rannsókn kirkjugarðsins fór fram dagana 3-8 júlí 2009. Til að sem minnst rask yrði gert á minjum voru opnaðir aftur skurðirnir sem Fornleifastofnun Íslands hafði tekið 2003 innan garðs og í gegn um kirkjugarðsvegginn.

Garður í Hegranesi - yfirlitsteikning


09.07.2009

Teikn.: GZ, GSS

Skurður I



Skurður II



Skurður 1:

Svæðið innan kirkjugarðs sem hér nefnist skurður 1 var upphaflega 2x2,5m skurður sem var hluti svokallaðs svæðis 1 í skýrslu Fornleifastofnunar. Svæðið var stækkað 2009 um metra til vesturs þegar útlínur grafa komu í ljós á yfirborði. Fyrst var grafið niður úr því róti sem komið hafði upp við fyrri rannsókn og voru það um 20-30cm af hreyfðri mold. Einnig kom fram niðurgroftur í suðvestur horni svæðisins sem starfsmenn Fornleifastofnunar höfðu tekið til að átta sig á hvort um grafir væri að ræða. Þar höfðu þau ekki grafið nógu djúpt til að koma niður á bein og höfðu skilið eftir plast í botni niðurgraftarins.

Við rannsóknina 2009 var grafið niður úr jarðlögum sem Fornleifastofnun hafði skilið eftir óhreyfð en númer þeirra fylgir í sviga á eftir jarðlaganúmerum sem gefin voru nú. Svæðið sem grafirnar komu fram í var grafið niður í lögum (context) en í skurði 2 í gegn um kirkjugarðsvegginn var snið skurðarins teiknað upp.

Jarðlög:

[1] Efst undir grasrót kom fram um 10-15cm þykkt óhreyft fokmoldarlag sem í er mól nyrst eins og þar hafi runnið lækur eða komið skriða úr brekkunni ofan við.



Mynd 2. Mynd sem sýnir grafir II og III. Gröf II er til hægri á mynd og lá hún 10cm hærra en gröf III. Ljós. GSS.

torflag niður að yfirborði grafanna.

[2] Undir fokmoldinni lá um 15-25cm þykkt lag rauðleits mýrartorfs með þykkum linsum af H1104. Lagið var þykkara í vesturenda skurðar. (lag 22 í skýrslu Fornleifastofnunar).

[3] Undir mýrartorfinu lá um 0,5-1cm þykkt rauðleitt fokmoldarlag niður á lag [4] í suðvestur og norðausturhorni skurðar en yfir lagi [6] í austurenda skurðar.

[4] Undir lagi [3] í suðvesturhorni skurðar lá hvítt lag um 1-2cm á þykkt. Grafir II og III virðast hafa verið teknar í gegn um þetta lag en gröf I og IV virðast liggja undir þessu því. Um er að ræða H1104 en hún virðist blönduð fínni möl á þessu svæði. Sama lag var einnig að finna í norðursniði skurðarins en þar virðist 1104 hafa fallið ofan á fínt malarlag, e.t.v. einhverskonar lækjarframburði.

[5] Undir lagi [4] í suðvestur horni skurðar yfir gröfum I og IV var 8cm þykkt rótað

[6] Gröf II - fylling. Kom fram í vesturenda skurðar. Liggur undir lagi [2] en er grafin niður í gröf III [7], blandað torflag [8] og fokmold [9]. Í gröfinni var fylling með blöndu af grófri sjávarmöl og sandi og mold úr lögum [2] og [7]. Gröfin var einnig greinilega tekin í gegn um lag [4] sem túlkað var sem óhreyfð H1104. Flygsur af 1104 var að finna í fyllingunni

[7] Gröf III – fylling. Lá undir lagi [2] en var grafin í gegn um lag [8] og [9]. Ekki var hægt að fullyrða að hún væri tekin í gegn um H1104 óhreyft. Grafarfyllingin var blanda af mold úr lagi [8] og sjávarmöl og sandi. Linsur hvíttri gjósku, líklega, H1104 var að finna í fyllingunni.


[8] Lagið er um 30-40cm þykkt rauðleitt rótað torflag sem ekki inniheldur H1104. Í því eru slitrur af svartri gjósku og mögulega landnámslaginu (grágrænleitri gjósku). Líklega uppfyllingarlag í garði til að slétta úr honum og gera hann auðveldari til að grefta í. (lag 21 í skýrslu Fornleifastofnunar)

[9] Lag 9 er 15cm þykkt fokmoldarlag sem liggur ofan á grófri sjávarmöl og sandi en garðurinn liggur á fornum marbökkum.

Grafir

Í skurði 1 komu fram ummerki um fjórar grafir. Tvær þeirra fundust við fornleifarannsókn 2003 en sú þriðja kom í ljós þegar grafið var niður fyrir lag [2] í suðvestur horni. Tvær grafir voru grafnar innan kirkjugarðsins. Ætlunin var að grafa einungis þá sem grafið hafði verið ofan í við rannsóknina 2003, gröf III. Hinsvegar kom í ljós þegar grafið var dýpra að gröf II skar gröf III og því var ákveðið að grafa þær báðar upp. Skurðurinn var því stækkaður um 50cm til vesturs til að hægt væri að ná gröf II að fullu. Lítið útskot var grafið vestanvert til suðurs út úr suðursniði til að ná fram yfirborði lags [4]. Grafið niður fyrir uppfyllingarlag [2] og ljóst gjósku- og malarlag og komu þá í ljós útlínur grafar sem virtist vera ungbarnagröf, gröf IV. Ekki var grafið niður í grafir I og IV en þær virðast eldri en grafirnar tvær sem opnaðar voru.

Gröf II:




Gröf II var tekin ofan í gröf III þannig að fótendi hennar náði um 50cm inn í graffyllingu grafar III. Hún hafði þó ekki skemmt eldri gröfina þar sem að hún liggur um 10cm hærra í jarðveginum en hún. Gröfin var 180cm löng og um 40cm þar sem hún var breiðust. Hún var 15cm í fótenda. Gröfin á undir óhreyfðu lagi [2] sem var rótað torf með H1104 gjósku. Hún var hinsvegar augljóslega tekin í gegn um H1104 þar sem það lá óhreyft í vestursniði skurðar og fundust slitrur af því í graffyllingunni. Yfirborð grafar var um 50cm undir yfirborði en frá yfirborði grafar og niður í botn voru alls 95cm. Fyrstu 30cm eða svo sem grafið var gegn um var blandað torflag [2] sem kallast hér uppfyllingarlag. Einungis um 15cm af náttúrulegri mold virðast hafa legið ofan á sjávarmelnum sem garðurinn liggur á og hefur torf og annar jarðvegur verið lagður þar ofan á innan garðs til að gera hann auðgræfari og líklega til að slétta úr misfellum innan hans. Neðstu 50cm í gröfinni voru hinsvegar sjávarmöl og sandur. Fyllingin í gröfinni var því blanda af möl, sandi, mold og torfi auk þess sem þar fundust linsur af H1104.

Í gröfinni lá beinagrind konu en engar menjar voru um kistu. Beinir voru ágætlega varðveittir. Jarðvegur var eilítið dekkri umhverfis beinagrindina sem getur bent til grafklæðis af einhverju tagi en annar grafarumbúnaður fannst ekki. Líkið hefur verið lagt á bakið með höfuð í vestur. Torf hefur verið lagt við hlið höfuðs til að halda því uppréttu. Handleggir lágu niður með síðum en hendur hafa legið á mjaðmaspöðum. Hægri hönd hefur legið yfir vinstri

hendi. Fótleggir hafa verið beinir og var hægri fótur yfir þeim vinstri í fótenda grafar. Svo virðist sem gröfin hafi ekki verið ýkja breið því axlir voru samanpressaðar og beinin lágu fast upp við hliðar grafarinnar.

Gröf III



Gröf III var eldri en gröf II en þó var hún einnig tekin eftir 1104. Rótaða torflagið [2] lá einnig óhreyft ofan grafarinnar og hún var tekin í gegn um rótaða uppfyllingarlagið [2], 15cm af fokmold og sjávarmöl og sand. Hún hefur þó verið grafin 10cm lengra niður í melinn en gröf II og var hún því alls 110cm djúp frá yfirborði grafar og niður á botn. Gröfin var 175cm löng og um 50cm breið þar sem hún var breiðust um axlir. Fótendi var 40cm breiður. Gröfin virtist því breiðari en gröf II en það kann að helgast af því að sandur og möl hafa fallið úr hliðum grafarinnar þegar hún hefur verið tekin og þannig hefur neðri hluti grafarinnar orðið breiðari en efri hlutinn þar sem grafinn er í gegn um þétt torf.

Í gröfinni lá beinagrind eldri konu. Beinir voru verr varðveitt en bein í gröf II sem kann að helgast af því að gröfin var ívið dýpri. Handleggir lágu niður með síðum en hendur hafa legið yfir mjaðmagrindina, hægri hönd yfir þeirri vinstri. Fótleggir voru beinir en vinstri fótur virðist hafa legið yfir þeim hægri í fótenda grafar.

Skurður II í kirkjugarðsvegg (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Skurður tvö var tekinn í skurð sem tekinn var við rannsóknina 2003 og lá til norðurs frá skurði 1 út fyrir kirkjugarðsvegginn sem greinanlegur er á yfirborði. Skurðurinn var tekinn aðeins á ská til austurs við norðausturhorn og var það gert til að hægt væri að ná þversniði í gegn um garðinn. Skurðurinn var 3.m langur og um metri á breidd. Nyrst í skurðinum kom fram hringlaga veggurinn sem sést á yfirborði. Hann hefur í grunninn verið hlaðinn úr grjóti með torfi ofan á. Torfveggurinn [3] er augljóslega hlaðinn eftir 1104 því þykkar linsur eru af gjóskunni í torfinu. Garðurinn hefur fallið inn á við, til suðurs. Leifar veggjarins eru um 1,7m

á breidd og hann er allt að 50cm á hæð. Undirstöður garðsins [4] eru úr rúnnuðu sjávargrjóti og heldur óvönduð hleðsla. Um er að ræða tvöfalt lag af grjóti en torfi hefur verið hlaðið ofan á það. Grjótlögnin neðst í garði liggur ofan á rótaðri fokmold en um 1cm neðan neðstu steina var örþunnt ljóst gjóskulag, e.t.v. H1104. Innan (sunnan) garðs og hrunsins [5] úr honum er svo efst undir grasrót um 20cm þykkt rótað moldarlag [6] með þykkum linsum af H1104. Þetta virðist sama lag og jarðlag [2] í skurði 1. Undir því í suðurenda skurðar er svo um 50cm langt 1104 sem í fyrstu virtist geta verið neðsti hluti þessa rótaða lags en við nánari athugun var hægt að rekja gjóskuna, misþykkt þó, í sömu hæð eftir vestursiði skurðar í um 2,5m. Það er því líklegt að húnliggi þarna jafnfallin yfir veggnum en að rótið sem virðist í kring um hana kann að vera einhverskonar jarðrask eftir að hún féll.

Undir rótaða torflaginu er svo þykkur torfbunki [7] sem er þykkastur í suðurenda skurðar um 45cm þykkur en einungis um 15cm þykkur þar sem hann liggur undir hruninu úr kirkjujarðsveggnum nyrst í skurðinum þar eru líka greinilegri hnausar og fékk sá hluti þess sér númer [8]. Þetta torf er mýrarlitað með lífrænum lögum og linsum af svartri gjósku og landnámslaginu. Torfið virðist líkjast því sem finna má innan garðs í lagi [8] og vera kann að um sé að ræða sama uppfyllingarlagið. Hinsvegar virðist torfið þarna grófgerðara en torflagið sem grafirnar eru teknar í. Vera kann að þar sé um að ræða eldri kirkjujarðsvegg sem rutt hefur verið út þegar hringlaga veggurinn sem sést á yfirborði hefur verið reistur þótt slíkt verið ekki fullyrt nema með frekari rannsókn. Undir þessu torflagi er um 10cm þykkt rótað moldarlag [9] með torfflekkjum og neðan þess óhreyft.

Skurður III

Skurður var tekinn austast í kirkjujarðinum um 4m sunnan við skurð I. Hann var 120cm langur og 60cm breiður. Þegar undir grasrót kom fram rótaða torflagið með H1104 sem sjá mátti í skurðum I og II. Það var um 8cm á dýpt og beint undir komu fram útlínur grafar. Hætt var við að grafa frekar þar sem staðfest var að þarna væru einnig grafir. Augljóst er að austurhluti garðsins er mun jarðgrynnri en nyrsti hlutinn en það kann að skýrast af því að hluti af veggjauppkasti tóftarinnar sem liggur í miðjum garðinum nær til austurs yfir þar sem skurður 1 var tekinn.



Mynd 3. Útlínur grafar í skurði III. Gröfin kom í ljós rétt undir grasrót. Ljós. GSS.

Minjar í Garði

Á 11. öld hefur verið settur niður kirkjugarður á staðnum. Þarna virðist um venjulegan 11-12. aldar heimiliskirkjugarð að ræða, líkt og fundist hafa víða í Skagafirði á undanförunum árum. Grafir tveggja kvenna og vísbending um ungubarnagröf styðja þá túlkun. Töluvert hefur verið lagt í að bæta umhverfi garðsins þar sem lítill náttúrulegur jarðvegur virðist hafa verið ofan á malarkambinum sem þingstaðurinn liggur á. Lagt hefur verið niður torf til að hækka hann upp og slétta bæði áður og eftir að 1104 gjóskan féll. Svo virðist sem garðurinn hafi verið minni til að byrja með og vera kann að hluti af þeim torflögum sem fundust innan garðs séu leifar eldri kirkjugarðsveggjar úr torfi. Garðlagið sem sést á yfirborði gæti því verið vitnisburður stækkun garðsins en grafið hefur verið í hann eftir þann tíma, þó líklega ekki í langan tíma. Ólíklegt má teljast að garðurinn hafi upprunalega verið veggjalaus þótt ekki sé hægt að fullyrða það. Aldur garðsins bendir til að enn hafi verið búið á staðnum á 12. öld og að menn hafi þá ekki verið farnir að grafa líka að sóknarkirkju.

Seinni tíma túngarður liggur yfir norðurhluta kirkjugarðsins og er ljóst að garðarnir tengjast ekki. Þegar rýnt er í svarthvíta loftmynd af þingstaðnum kemur í ljós óglögg eldra garðlag rétt norðan túngarðsins sem er á yfirborði. Vera kann að þar sé um að ræða túngarð þess býlis sem kirkjugarðurinn hefur tilheyrt. Þarna hefur því verið býli á 11. öld og líklega a.m.k. fram á þá 12. þar sem kirkjugarðsveggurinn var endurhlaðinn skömmu eftir að 1104 féll. Ekki er óvarlegt að áætla að þegar hafi verið búið á staðnum fyrir 11. öld þó svo að óyggjandi sannanir hafi ekki fundist fyrir því.

Tóftin sem liggur fyrir kirkjugarðinum miðjum líkist mjög þeim tóftum sem eru á svæðinu og hafa verið túlkaðar sem búðatóftir. Lögun hennar og lega eru ekki í samræmi við það sem búast mætti við af kirkjutóft. Búðatóftin sem grafið var í 2003 var þannig gerð að veggir hennar voru að grunni til hlaðnir úr grjóti og torfi en virtust mun þykkari á yfirborði en hinir eiginlegu veggir þar sem að greinilega hefur verið mokað hefur verið út úr tóftunum og


mannvistarlög hlaðist upp að veggjunum. Sé um búðartóft að ræða sem hlaðin hefur verið á rústum kirkjunnar sem staðið hefur innan garðs er greinilegt að þingstaðurinn hefur verið í notkun a.m.k. á 12. öld. Hvort hringlaga garðurinn sem sést á yfirborði hefur haft eitthvert hlutverk í þinghaldinu er hinsvegar ekki hægt að fullyrða um.

Örnefnið Litli-Garður er til yfir túngarð og mannvirki innan hans sem talin eru hafa tilheyrt seinni alda hjáleigu frá Garði. Tilvist kirkjugarðs og býlis á 11. öld og jafnvel fyrir þann tíma benda til að þar hafi varla verið um hjáleigu eða afbýli að ræða í upphafi og því má spyrja hvort þarna sé upphaflegt bæjarstæði Garðs eða hvort um áður óþekkt býli er að ræða.

Gil í Borgarsveit

Gils í Borgarsveit er fyrst getið í málðaga Sjávarborgarkirkju frá 1399 (DI, III, bls. 530). Þar sem kveðið er á um að allar prestskyldur á Gili skuli Borgarprestur framkvæma utan söng frá fardögum til Michaelsmessu. Þangað áttu lík færast frá Gili en Borgarprestur jarðsyngja. Fyrir tímabilið frá Michaelsmessu til fardaga átti að gjalda presti 12 auru fyrir messusöng annan hvern helgan dag.

Gil í Borgarsveit Yfirlit yfir gamla bæjarstæðið



Bæjarstæði Gilsbæjarins stóð fyrrum ofar í brekkunni ofan túnsins sem liggur upp og vestur af núverandi bæjarhúsum. Ekki er vitað með vissu hvar kirkjan stóð en höfuðkúpa fannst árið 1960 þegar verið var að grafa skurð sunnan gamla bæjarstæðisins til að beina bæjarlæknum frá því. Skurðurinn mun hafa verið stækkaður síðan þá en engin bein fundist við þá framkvæmd. Skurðurinn liggur niður til austurs vestan bæjarstæðisins en síðan til suðurs. Sunnan skurðarins er

hóll sem kallaður er Burðarhóll. Hóllinn er hringlaga og er tóft á honum miðjum. Það hefur því verið ályktað að þar hafi gamla bænhúsið og kirkjugarðurinn verið.⁷ Höfuðkúpan sem upp kom mun hafa fundist í skurðinum þar sem hann beygir til suðurs austan Burðarhóls um 15m norðaustur af meintri bænhústóft.

Við rannsóknina 2009 var ætlunin að grafa í hólinn til að kanna hvort þar fyndist kirkjugarður. Teknir voru þrír skurðir og teiknað var upp austursnið skurðarins sem bæjarlækurinn rennur um.

Skurður 1 – í Burðarhól

Skurður var tekinn 3m sunnan við meinta bænhústóft á Burðarhóli. Þegar undir grasrót var komið niður á grófa jökulmöl. Fyrst virtist sem einhverskonar moldarblandinn niðurgröftur væri fyrir miðjum skurði en þegar grafið var dýpra reyndist ekki um niðurgröft að ræða. Skurðurinn var alls um 3m langur og 50cm breiður.



Mynd 4. Jarðlög í skurði sem tekinn var í meintan kirkjugarð á Burðarhóli. Þegar undir yfirborði var komið niður á mól. Ljósm. GSS.

Skurður 2 – í meintan kirkjugarðsvegg

Tóftin á Burðarhóli stendur innan þess sem virtist vera hringlaga upphækkun um 20m í þvermál. Könnunarskurður var einnig tekinn austanvert í brún hólins sem virtist geta verið útlínur hringlaga veggjar, áætlaðs kirkjugarðsveggjar. Skurðurinn var 1,5m á lengd og 50cm á breidd. Í skurðinum voru um 15cm voru niður á melinn í vestur enda skurðar og um 30cm í austurenda skurðar. Engin merki torfs eða annarrar mannvistar komu fram í skurðinum og virðist hólinn því vera náttúrleg myndun.

⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I, bls. 320.



Mynd 5. Jarölög í skurði 2. Mikið var af móösku í skurðinum og vísbendingar um mannvist fyrir 1104. Ljósm. GZ.

Skurður 3 – sunnan bæjarstæðis (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Könnunarskurður var tekinn fyrir norðan uppmokstur úr skurðinum sem bæjarlækurinn rennur nú um. Skurðurinn var tekinn um 5m norður af uppmokstri úr skurðinum rétt vestan túngirðingar efst í túni á Gili. Skurðurinn var tekinn til að skoða hvort kirkjugarðurinn kunni að hafa legið norðan bæjarlækjar en hann var tekinn um 15m norðan við þar sem áætlað er að höfuðkúpan hafi fundist. Skurðurinn var 2m á lengd og 50cm á breidd. Hann lá norður-suður. Þegar undir grasrót var komið niður á rótað lag með móöskuflekkum og af H1104 gjóskunni og mögulega H1300 [2]. Til að róta við sem minnstu ef þarna væri um byggingu að ræða var einungis grafinn niður um 50cm kafli í suðurenda skurðar. Lagið [2] var um 40cm á þykkt og neðan þess voru svo tvö lög niður á H1104 óhreyfðu. Efra lagið [3] var um 15cm á þykkt, torf með móöskulögum, linsum af H1104 og Landnámslaginu. Undir því var um 7cm þykkt bleikt móöskulag [4] með

kolalinsum og flekkjum af H3. Svo kemur H1104 óhreyft en undir því er rótað fokmoldarlag [5] með móösku og koladreif.

Túlkun:

Svo virðist sem þarna hafi á staðið íveruhús sem byggt er eftir 1104. Einnig komu fram vísbendingar um byggð fyrir 1104 í skurðinum sem bætir nokkrum öldum við þekkta sögu Gils.

Snið í vélgrafinn skurð

Þar sem ekki fundust neinar vísbendingar um kirkjugarð á Burðarhóli voru skoðuð nánar snið í skurðinum sem bæjarlækurinn rennur nú eftir á því svæði sem að höfuðkúpan fannst um 1960. Vesturbakkinn sem að snýr að Burðarhóli ber þess merki að skammt er niður á jökulmel. Einnig komu fram ummerki um skriður sem virðast hafa fallið yfir svæðið. Mun jarðdýpra var austan til í skurðinum. Þar komu fram merki um torfvegg sem reistur hefur verið eftir 1104 en endi hans hefur horfið þegar skurðurinn var tekinn. Um 4m norðan hans voru óljósari vísbendingar um annan vegg eða veggenda. Skurðarbakkinn var hreinsaður og snið þessara tveggja veggenda teiknuð.

Lýsing jarðlaga í nyrðra garðlaginu (sjá teikningu aftast í skýrslu)

1. Rótað lag undir grasrót dökkbrúnt og ormétið, grjót í því efst, líklega eftir skurðuppmoksturinn. Dökkt þunnt gjóskulag virðist liggja in situ neðst í þessu rótaða lagi, yfir torfveggnum. Líklega 1766.
2. Blandað torf með dreif af H3 og 1104.
3. Skriða, gróf möl, sandur og smá mold.
4. Blandað malar og torflag, grágrænt að lit



Mynd 6. Horft til norðurs eftir skurði sem bæjarlækurinn rennur nú um. Sniðið var hreinsað upp og komu þá í ljós tvö veggjabrot eða hluti veggjar sem grafan hefur skorið þegar skurðurinn var tekinn. Veggjalögin eru í námunda við staðinn þar sem höfuðkúpa fannst um 1960 og kunna að vera leifar kirkjugarðsveggjar. Ljós. GZ.

5. Blandað lag með þykkum linsum af H1104, smá kol á dreif og móöskuflekkir á milli, rauðir og bleikir. Afar óljós skil eru á milli [3] og [6] en þó virðist um tvö mismunandi lög að ræða þar sem H1104 er í stórum flygsum ofan og sunnan steinanna í hleðslunni en finnst ekki norðan þeirra.
6. Blandað torf, rauðleitt með 1104 og flekkjum af svartri gjósku. Sandlinsa er neðst í laginu.
7. Fokmold með dreifum af H1104 auk smá kola og móösku. Grátt gjóskulag, líklega H1300, liggur yfir þessu lagi in situ á um metra löngum kafla sunnanvert.

Lýsing jarðlaga í syðra garðlaginu (sjá teikningu aftast í skýrslu)

1. Grasrót, mjög ormétin, í henni er H1766.
2. Mold með torfflygsum sem í er H1104 en að mestu óhreyft.
3. Leifar torfveggjar sem í er H1104. Neðst í veggnum virðist hafa verið einfalt grjótlag.
4. Ofan á torfveggnum og undir honum að hluta norðanvert er lag með rótuðu torfi áþekku því sem er í veggnum.
5. Hrunið hefur úr veggnum til suðurs. Lagið liggur ofan á fokmoldarlagi sem í eru dreifar af H1104, H3, kolum og lítillsháttar móösku. Hekla 1300 liggur undir hruninu úr veggnum. Undir H1300 er svo einnig fokmold sem sjá má í dreif af móösku og kolum.

Túlkun sniða:

Vélgrafan hefur skorið í sundur veggjalög, eða veggjalag. Ekki er hægt að fullyrða um hvort skurðurinn liggur þvert á eða langsum eftir veggnum þannig að vera kann að þetta séu ekki þversnið. Þar sem leifar þessara garðlaga liggja á svipuðum slóðum og höfuðkúpan kom fram í skurðinum má vera að um sé að ræða vegg kirkjugarðsins og að hann hafi þá legið austan við Burðarhól og

bæjarlækin. Sé þarna um að ræða horn garðsins sem grafan hefur sneitt burt liggur garðurinn líklega til austurs inn í túnið neðan (austan) skurðarins. Þó verður ekki fullyrt um það nema með frekari rannsókn á staðnum. Liggi garðurinn austur frá skurðinum liggur allur uppmokstur úr skurðinum á stórum hluta hans. Svo virðist sem neðst í hleðslu beggja garðhluta hafi verið einfalt grjótlag sem torfi hefur verið hlaðið ofan á. Greinileg merki eru um að skriður eða spýjur úr hlíðinni fyrir ofan hafi fallið upp að görðunum og víða eru merki um moldar og grjótsþýjur í skurðabökkunum.

Minjar á Gili:

Ekki fundust óyggjandi merki um kirkjugarðinn sem máldagi frá 14. öld ýjar að. Mjög jarðgrunnt er á svokölluðum Burðarhóli og þar fundust hvorki grafir né leifar kirkjugarðsveggjar. Í skurðinum sem bæjarlækurinn rennur um nú var hinsvegar að finna leifar garðlags/garðlaga sem kunna að vera leifar kirkjugarðsveggjarisns. Þó kann að sjálfsögðu að vera að um sé að ræða túngarðsvegg eða aðrar veggjaleifar. Ekki er heldur lokað fyrir það skotið að þarna hafi verið um að ræða heiðið kuml en þó virðist það ólíklegt sökum staðsetningarinnar. Svo virðist sem bæjarstæðið kunni að hafa verið sunnar en leifar þess sem enn sjást á yfirborði. Séu þetta leifar íveruhúss sem grafið var niður á norðan skurðarins hefur bærinn staðið við áætlaðan kirkjugarð. Ljósar vísbendingar eru um að búið hafi verið á Gili fyrir 1104.



Mynd 7. Horft til austurs yfir uppgriftarsvæði á Stóru-Seylu. Eldri kirkjugarðurinn er hægra megin á svæðinu. Ljósmynd GZ.

Stóra-Seyla á Langholti

Seyla er gamalt höfuðból og samkvæmt bréfi frá 1406 þar sem landamerkjum Seylu er lýst, náði jörðin yfir land Grófargils, Litlu-Seylu og Melkots auk heimajarðarinnar.⁸ Jörðin hefur verið í bændaeign í gegnum tíðina og þar hafa setið margir af fyrirmönnum Skagfirðinga.⁹ Seylu er fyrst getið í Sturlungu en þar segir frá er Oddur Þórarinnsson sem veginn hafði verið í Geldingaholti var færður til greftrunar í Seylu árið 1255 ; „Menn Odds fluttu líkama hans upp til Seylu – ok grafinn þar síðan undir kirkjugarðinum, - en þó var engi gröftr at þeiri kirkju – og svá langt inn undir kirkjugarðinn“. ¹⁰ Í Auðunarmáldaga frá 1318 segir að prestur frá Geldingaholti taki 4 merkur í leigu frá Seylu.¹¹ Kirkjan hefur síðan líklega lagst niður, því hennar er ekki getið þegar jörðin var seld um eða fyrir árið 1406.¹² Bænhús var reist þar síðar og segir um það í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín; „Hjer er bænhús og tíðir veittar af prestinum á Glaumbæ, þegar heimamenn eru til sacramentis“. ¹³ Bænhússins er einnig getið í Sýslu- og sóknarlýsingum en þar segir að enn sjái aurmál þess sunnanvert við bæinn.¹⁴ Síðar var kirkjunni breytt í hesthús sem stóð fram á 20. öld. Kirkjan stóð á hóli er

⁸ DI III, bls. 711-712.

⁹ Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 305.

¹⁰ Sturlungasaga I, bls. 51.

¹¹ DI II, bls. 467.

¹² Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 306.

¹³ Jarðabók Árna og Páls) 9. bindi, bls. 90.

¹⁴ Sýslu- og sóknarlýsingar, bls. 60.

kallaður var Kirkjuhóll og sunnan og austan við hann var kirkjugarðurinn.¹⁵ Seyla varð lögákveðinn þingstaður snemma á öldum og var þar dæmt í ýmsum stórmálum en árið 1915 var hann fluttur að Brautarholti.¹⁶



Mynd 8. Svæðið sem kirkjugarðurinn var séður úr lofti. Engin ummerki voru um garðinn á yfirborði. Ljósmynd birt með leyfi SASS.

Fornleifarannsóknir 2009


Viðamiklar fornleifarannsóknir hafa farið fram á Seylu síðan 2007 en þar hefur hópur bandrískra vísindamanna (SASS) verið að störfum í tengslum við jarðsjár- og fornleifarannsóknir sem þeir hafa stjórnað í Skagafirði til nokkurra ára. Rannsóknir þeirra á Seylu beinast að fornum byggðaleifum á sléttlendi undan brekku neðan og austan gamla bæjarstæðis Seylu-bæjar en bærinn stendur nú suðvestan og ofar en það. Hinn svokallaði Kirkjuhóll liggur sunnan gamla bæjarstæðisins, glögg tóft á hringlaga hól en hóllinn er um 17m í þvermál. Fornleifadeild Byggðasafnsins fékk bandaríkjamennina í lið með sér í leit sinni að fornum kirkjum í Skagafirði og fékk þá til að renna jarðsjártækjunum yfir hóllinn og tóftina innan hans. Útkoman var mjög glöggur hringlaga kirkjugarður með tóft fyrir miðju, þó svo að tóftin sem efst liggur sé seinni tíma útihús. Það var því

ákveðið að gera fornleifakönnun á kirkjugarðsleifunum í tengslum við Kirkjurannsóknina í samstarfi við bandarísku sérfræðingana. Kirkjugarðurinn er mikilvægur fyrir rannsóknina ekki síst fyrir þær sakir að hans er getið í Sturlungu en það er eini kirkjugarðurinn frá þessum tíma sem finna má í samtíma heimildum.

Þegar rannsókn á kirkjugarðinum var um það bil að hefjast í júlí 2009 komu niðurstöður frekari jarðsjármælinga sunnan við uppgriftarsvæði SASS á óvart. Um 5m sunnan við enda skálabyggingar sem verið var að grafa í sáust ummerki um hringlaga mannvirki, svipað að stærð og lögun og kirkjugarðurinn á Kirkjuhóli. Hringurinn var um 17m í þvermál og fyrir honum miðjum mátti sjá það sem virtist lítil ferköntuð bygging. Þessi mannvirki, sem ekki sáust á yfirborði jafnvel þegar búið var að hreinsa grasrót ofan af, liggja rétt um 100m niður og norðaustur af Kirkjuhóli. Það var því sótt um viðbótarleyfi til rannsókna á minjunum og grafið í tvo kirkjugarða í landi Stóru-Seylu sumarið 2009.

¹⁵ Byggðasaga Skagafjarðar II, bls. 307.

¹⁶ Sama heimild, bls. 306.



Mynd 9. Yfirlitsmynd sem sýnir gamla bæjarstæðið, elsta bæjarstæðið og yngri kirkjugarðinn. Svarthvítri jarðsjármynd hefur verið skeytt inn þar sem Kirkjuhóll liggur. Mynd birt með leyfi SASS.

Gamla bæjarstæði Seylubæjar áður en hann var fluttur á 20. öld lá frammi á brekkubrún um 300m norðaustan núverandi bæjarstæðis. Nú er búið að slétta úr gamla bænum en enn standa þar þó leifar steinsteyprtrar súrheyshlöðu. Bæjarlækurinn hefur runnið í boga norður fyrir bæinn og standa enn tóftir fjárhúsa vestanlækjar. Um 20m sunnan útmarka gamla bæjarstæðisins er hringlaga hóll kallaður Kirkjuhóll. Grafið var í hann 2009. Eldri garðurinn sem fannst sumarið 2009 lá um 100m norðaustan hans. Við frekari rannsóknir á neðra bæjarstæðinu hafa komið fram umfangsmiklar mannvirkjaleifar sem, flestar eru frá því áður en að H1104 féll og nokkrar sannanlega komnar úr notkun fyrir 1000. Þar af er bygging með augljósu skálalagi en einnig óvenjuleg ferkantaðri bygging sem enn á eftir að ákvarða nánar hvaða tilgangi hefur þjónað. Um 5m sunnan skálabyggingarinnar liggur svo norðurhluti kirkjugarðsins en einungis er búið að grafa upp hluta norðurveggjar og afmarkað svæði við suður kirkjugarðsvegg.

Kirkjugarður I - efri kirkjugarðurinn á Kirkjuhóli (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Hreinsuð var grasrót ofan af 5x5m svæði í suðvesturhorni garðsins. Var það gert til að reyna jarðsjártækin við greiningu grafa. Könnunarskurður var svo grafinn sunnanverðan kirkjugarðsvegginn og til norðurs inn í garðinn. Skurðurinn var 3.m langur og 70cm breiður. Neðst í grasrót var þunnt svart gjóskulag H1766. Undir grasrót [1] kom fram mjög ormétið rótað lag [2] 40cm þykkt í norður enda og 10cm þykkt í suðurenda. Í laginu voru leifar af torfi með Landnámslaginu og H1104. Undir því lagi lá svo hrun úr kirkjugarðsveggnum sem hefur hrunið inn á við til norðurs. Garðurinn virðist ekki hafa verið endurbyggður en í honum er torf með H1104 og svartri gjósku. Undir hruninu úr garðinum ofan á rótuðu lagi [4] liggur slitrótt dökk gjóska, e.t.v. H1300 þótt ekki verði það fullýrt nema með frekari greiningu. Lag



Mynd 10. Jarðsjár mynd af kirkjugarðinum á Kirkjuhóli. Tóftin fyrir miðju er seinni tíma en hringlaga garðurinn er upprunalegur. Gröfin fannst rétt sunnan (neðan) tóftarinnar. Birt með leyfi SASS.

[4] var nokkurn veginn jafn slétt 20cm lag með rótuðu torfi, mold og mósösku og flekkjum af H1104. Líklega er um að ræða samskonar uppfyllingarlag og fundist hefur í fleiri kirkjugörðum. Neðan þess var svo náttúrulegur jarðvegur með H3 gjóskunni. Nyrst í skurðinum komu fram útlínur grafar og var skurðurinn stækkaður um 50cm til vesturs til að ná höfuðenda grafarinnar. Í hliðum grafarinnar kom fram að náttúrulegur jarðvegur var um 20cm þykkur en þar fyrir neðan komið niður á grófa mól.

Gröf 1

Um 30cm af höfuðenda grafarinnar komu í ljós nyrst í skurðinum og var hún um 50cm breið. Grafið var niður í þennan hluta grafarinnar en hún var ekki stækkuð frekar til austurs. Á um 70cm dýpi var komið niður á mjög illa varðveittar höfuðkúpuleifar. Einungis tannkrónur voru


sæmilega heillegar og mátti á þeim greina að um unga manneskju var að ræða. Varðveisla beinanna var það slæm að ekki þótti svara kostnaði að grafa þau fram.

Kirkjugarður II - neðri kirkjugarðurinn (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Neðri kirkjugarðurinn kom fram sunnan uppgriftarsvæðisins sem opnað hafði verið sumarið 2009. Þá var svæðið stækkað til suðurs og grasrót fjarlægð af svæði sem var um 20x15m. Þetta var gert til að jarðsjármæla svæðið og kanna hvort að frekari byggingar væri þar að finna. Á jarðsjármyndinni komu þrjár misfellur í ljós sunnanvert í garðinum sem að þóttu líklega til að gera verið útlínur grafa. Það var því ákveðið að taka könnunarskurð frá þar sem kirkjugarðsveggjar var að vænta miðað við jarðsjármynd og til norðurs inn í kirkjugarðinn.

Skurður í kirkjugarð

Skurðurinn var 5m langur og um metri á breidd. Syðst í honum komu fram leifar um metra breiðs torfveggjar sem H1104 gjóskan lá óhreyfð yfir. Torfið kom fram á um 5cm á dýpt en búið var að fjarlægja grasrót eins og áður sagði. Á 8cm dýpi kom fram einföld grjótröð sem virðist útmarka kirkjugarðsvegginn en um metra torfveggur lá innan hans. Um 10cm norður af innbrún torfveggjarins komu fram útlínur grafar á 20cm dýpi frá yfirborði. Svæðið var þá stækkað um 2m til vesturs til að ná restinni af gröfinni inn. Einnig þurfti að stækka skurðinn um 30cm til austurs til að grafa fram fótenda grafarinnar. Gröfin var 1,8m á lengd og beint vestur af henni komu fram útlínur annarrar grafar (gröf II). Norður af gröf II voru svo vísbendingar um fleiri grafir en ekki var grafið niður að þeim. Restin af skurðinum var svo látin ógráfin fyrir seinni tíma rannsóknir. Undir yfirborði, beint undir grasrót, voru



Mynd 11. Jarðsjármýnd sem sýnir útlínur eldri kirkjugarðsins sem fannst óvænt sumarið 2009. Birt með leyfi SASS.

vísbendingar um torfblandað jafnþykkt uppfyllingar lag sem virðist hafa verið venjan í kirkjugörðum á þessum tíma. Hinsvegar var nokkru jarðdýpra í neðri garðinum en þeim efri. Gröfin sjálf var um 50cm djúp frá yfirborði og niður á bein. Fyllingin í gröfinni var rótaður jarðvegur með miklu af forsögulegri gjósku H3 og H4 en engin mól líkt og í efri garðinum. Gröfin hefur verið tekin í gegn um jafnfallið dökkgrænt, þunnt, gjóskulag sem talið er geta hafa fallið um 1000. Frekari jarðlagalýsingum og endanlegum númerum verður bætt við þegar uppgraftarskýrsla berst frá SASS.


Gröf I

Gröfin sem opnuð var 1,8m löng og um 50cm breið við axlir en mjóst í fótenda, 30cm breið. Um 60cm voru niður á botn grafarinnar en bein fóru að koma í ljós á 50cm dýpi. Engin merki voru um kistu en þegar komið var niður á beinin hafði jarðvegur einhverra hluta vegna þjappast svo saman utan um beinin/líkið að holrúm hafði myndast utan um beinagrindina þannig að rifbeinin stóðu enn fram en höfðu ekki lagst saman líkt og er venjan. Líkið hafði verið lagt á bakið með höfuð til vesturs en hægri hliðin var eilítið snúin út á við. Höfuðið hafði verið skorðað af með torfi. Vinstri handleggur lá niður með síðu en sá hægri lá í óeðlilegri legu og hefur höndin legið yfir hægri mjaðmaspaða. Við nánari athugun kom í ljós að neðri hluti upphandleggjar hafði annað hvort brotnað frá leggjabeininu eða aldrei vaxið saman og því voru neðri hluti upphandleggjar og efri hluti framhandleggjabeina vansköpuð Framhandleggjarbeinin höfðu kippst upp fyrir neðri hluta upphandleggsbeins sem hefur valdið því að handleggurinn hefur verið styttri en eðlilegt getur talist. Hægri fótleggur var einnig snúinn eilítið út á við en ekki var hægt að sjá neitt óeðlilegt við fótleggjabein svona í fljótu bragði. Vinstri fótleggur hefur legið nokkurn veginn beinn.

Stóra-Seyla - neðri kirkjugarðurinn
Kirkjugarðsveggur og grafir - Yfirlitsmynd

05.08.2009

Teikn.: KRH, GZ



Minjar á Stóru – Seylu:

Minjar á Stóru-Seylu eru mun umfangsmeiri en ummerki á yfirborði gefa hugmyndir um. Engar heimildir eru til um elstu byggð þar en fjöldi og gerð minja frá elstu tíð sem fundist hafa við fornleifarannsóknir undanfarinna ára benda til að þarna hafi verið stórbýli allt frá upphafi. Á elsta bæjarstæðinu má finna um 30m langa skálabyggingu og fjölda annarra byggingaleifa sem flestar eru frá því fyrir gjósufallið 1104. Á 11. öld hefur bærinn verið fluttur um 80m upp brekkuna þangað sem hann stóð fram á miðja 20. öld. Það sem mest kom á óvart við rannsóknirnar 2009 var hin óvænta tilvist annars kirkjugarðs. Kirkjugarðarnir virðast hafa verið nánast eins að gerð en sá efri virðist hafa verið tekinn í notkun um eða rétt eftir 1104 á meðan sá neðri er greinanlega dottinn að öllu eða mestu leyti úr notkun áður en gjóskan féll. Þegar bæjarstæðið var flutt hafa kirkja og kirkjugarður flust með sem er mikil-



Mynd 12. Horft til suðvesturs yfir gröf og kirkjugarðsvegg í eldri kirkjugarðinum sem fannst við jarðsjármælingar 2009. Birt með leyfi SASS.

væg heimild um staðsetningu og flutning kirkjugarða. Garðarnir virðast ekki hafa verið í notkun á sama tíma og því ekki óvarlegt að álykta að efri garðurinn sé því í framhaldi af þeim neðri fremur en að um tvö aðskilin býli sé að ræða. Efri garðurinn hefur líklega verið dottinn úr notkun fyrir 1300 en erfitt er að fullyrða það nema með frekari rannsókn. Flutningur garðsins á 11. öld bendir til að menn hafi allt fram á 12. öld talið sér heimilt að grafa við eigin kirkjur frekar en að flytja lík að sóknarkirkjum. Reynt var að hrófla eins lítið við minjum á Seylu og mögulegt var en ljóst er að þarna er einstakur efniviður til frekari rannsókna. Eldri kirkjugarðurinn með gröfum og kirkju virðast óhreyfðir og vel afmarkaður í tíma. Þarna er stutt niður á minjarnar og svæðið því auðgræft, jarðvegur moldarborinn og laus við mól. Varðveisla beina virðist einnig með ágætum. Enn hefur ekki verið grafinn upp kirkjugarður úr elstu kristni í heild sinni sem ekki hefur þegar verið skaddaður vegna framkvæmda eða jarðvegsrofs.

Mið-Grund í Blönduhlíð



Mynd 13. Loftmynd tekin til vesturs yfir bæjarstæði Mið-Grundar. Núverandi íbúðarhús til hægri á mynd en kirkjugarðurinn er eins og hringlaga flöt rétt sunnan (vinstra megin) við trjagarðinn sunnan hússins. Ljós. Hjalti Pálsson.


Bærinn Mið-Grund í Blönduhlíð var stórbýli til forna, talin 60 hundruð að fornu mati. Hún var færð niður í 30 hundruð árið 1861 þar sem að Djúpadalsá hafði þá brotið nokkuð land jarðarinnar. Býlisins er fyrst getið í ráðsmannsreikning Hólastóls frá síðari hluta 14. aldar. Bak við núverandi íbúðarhús, sem byggt var 1957, er myndarlegur hóll sem nefnist Gægir og syðst í honum var gamli torfbærinn sem stóð fram um 1970.¹⁷ Mikil aska hefur fundist í hólnum og hefur þar verið öskuhaugur um aldir og e.t.v. hluti gamla bæjarstæðisins þó svo að nú sé engin merki lengur um tóftir.

Engar samtíma heimildir eru til um kirkju á Mið-Grund en í jarðabók Árna og Páls frá 1713 segir „Bænhús hefur verið hér og húsið af fallið fyrir manna minni. Sést hér til tóftaleifa og kirkjugarðs“.¹⁸ Þar kemur einnig fram bæjarnafnið Kirkjugrund. Vitneskjan um garðinn virðist hafa glatast en hann kom óvænt í ljós þegar taka átti grunn að núverandi íbúðarhúsi um 70m suður af þar sem það stendur nú. Hætt var við framkvæmdirnar við beinafundinn og grunnurinn færður.

¹⁷ Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi, bls. 177.

¹⁸ JÁM IX, bls. 184.

Mið-Grund Staðsetning skurða



Um 10m beint vestur af tóftum gamla torfbæjarins eru ummerki um hringlaga garðlag sem sést vel á 3 vegu en austurhlið þess er horfin undir hlað gamla torfbæjarins. Frá norðri til suðurs eru 20m milli veggja en óvissara um austur-vestur lengd og því kann garðurinn að hafa verið eilítið sporöskjulaga. Garðurinn liggur að hluta til inn í trjagarð sem liggur umhverfis bæjarhúsin en annars er hann á sléttri flöt sunnan garðsins sem er þakin njóla. Engin merki um kirkjutóft sást en fyrir miðjum garði er eins og dálítill upphækkun sem

vísast geymir menjar hennar.

Við rannsóknina 2009 var markmiðið að tímasetja garðinn nánar og ákvarða um mögulegan fjölda grafa í honum. Ákveðið var að taka skurði í kirkjugarðsvegginn sunnanverðan og í svæði rétt norðan við miðju garðs nálægt þeim stað sem ábúandi Gísli Gíslason minnti að beinagrindurnar hefðu komið upp.

Skurður 1 í kirkjugarðsvegg (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Skurður var tekinn í sunnanverðan kirkjugarðsvegginn og var austursnið hans teiknað upp. Veggurinn og svæðið innan hans er þakið njóla. Hann hefur valdið því að efstu 30cm af jarðvegi eru mjög lausir í sér og ormétnir. Á um 10cm dýpi í þessum lausa jarðveg mátti greina þunnt svart gjóskulag, H1766. Skurðurinn var 180cm langur og um 70cm breiður, austursnið hans var teiknað upp. Undir rótaða yfirborðslaginu var 10-30cm þykkt fokmoldarlag, mjög ormétið [2]. Í því var fín dreif af kolum en annars virtist lagið óhreyft. Neðst í því lagi var H1300 óhreyfð en neðan þess um 5cm þykkt óhreyft fokmoldarlag [4]. Fokmoldarlagið 1300 gjóskan og lag [2] liggja öll upp að hrúni úr kirkjugarðsveggnum [3]. Kirkjugarðsveggurinn virðist hafa verið endurhlaðinn. Neðri hluti hans er torf [6] sem í er Landnámslagið og svört þunn gjóska. Efri hluti hans er rauðleitt mýrartorf sem ekki var hægt að greina gjósku í. Ofan þess hluta garðsins var hinsvegar mjög þunn og slitrótt dreif af hvítri gjósku, líklega H1104. Ekki var hægt að greina torf með vissu ofan gjóskunnar þar sem jarðvegur var mjög orméttinn og laus í sér. Torf [3] virðist hafa hrúnið úr veggnum til norðurs en það er allt mjög óljóst. Torfið virðist bæði hafa hrúnið ofan á H1104 og svo virðist H1104 vera ofan á því. Um er að ræða samskonar rauðleitt mýrartorf sem ekki var hægt að greina gjósku í. Undir H1300 er um 8cm þykkt lag [7] af rótuðu torfi sem virðist samskonar torf og efri hluti torfveggjarins er hlaðinn úr. Neðan þess liggur H1104 in situ á 130cm löngum kafla upp að torfveggnum og yfir kafla af neðri hluta hans. Neðan 1104 er svo fokmoldarlag sem í er vottur af torfi og kolum [8].

Túlkun:

Torfveggur er hlaðinn snemma á 11. öld og endurhlaðinn einhverntímann áður en að 1104 gjóskan féll. Veggurinn hefur hrunið til norðurs á þann hátt að 1104 sést enn slitrótt ofan hans en hann hefur fallið að hluta yfir þá gjósku, vera kann að efsti hluti veggjar hafi lagst saman til norðurs. Merki voru um uppfyllingarlag sem sést einnig í skurðinum sem tekinn var innan garðs en ekki komu fram vísbendingar um grafir í skurðarbotninum.


Skurður 2 innan kirkjugarðs – vestursnið (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Mið-Grund í Blönduhlíð

Yfirlitsteikning af gröfum úr kirkjugarði

30.07.2009

Teikn.: GZ, GSS



Skurður 2 var tekinn rétt norðan og austan við miðju garðs. Hann lá norður-suður og var upphaflega 4,5m langur og metri á breidd. Hann var grafinn í lögum (context) en vestursnið hans var einnig teiknað upp. Þegar komu fram grafir í honum endilöngum var hann stækkaður um 1m til suðurs og 1,5m til austurs til að reyna að ná inn heilli gröf til að kanna nánar.

Efst í skurðinum var um 10cm þykkt lag [1] sem samsvarar venjulegu grasrótarlagi en lítið gras óx á svæðinu, næstum einvörðungu njóli. Undir grasrót var samskonar lag og yfir kirkjugarðsveggnum, allt upp í 50cm þykkt ormétið og laust lag [2] sem var sundurgrafið af njólarótum. Undir því var nánast jafnþykkt torflag [3] með stórum linsum af H1104. Lagið samsvarar lögum sem fundist hafa víðar í kirkjugörðum og kölluð eru hér uppfyllingarlæg en þau virðast hafa verið lögð niður í garðana til að slétta úr þeim og e.t.v. hækka jarðveg innan garðs. Í garðinum virtust vera 3 þessháttar lög. Neðst í þessu lagi var Hekla 1300 jafnfallin í öllum skurðinum. Neðan þess var um 5cm þykkt, að því er virðist, óhreyft fokmoldarlag.



Mynd 14. Horft til suðurs yfir könnunarskurð í kirkjugarð. Útlínur grafa sjást greinilega á yfirborði. Ljósm. GZ.

[4]. Neðan þess var svo annað uppfyllingarlag [5], þéttara torflag með flekkjum af 1104 og móösku og koladreif. Undir því lagi lá svo Hekla 1104 óhreyfð eftir skurðinum endilöngum. Gjóskan liggur nánast flöt en auka jarðvegur virðist hafa verið fjarlægður þar sem engar leiðisþúfur eða mishæðir er að sjá. Undir 1104 laginu var um 20cm þykkt rauðleitt mýrartorflag [6] með Landnámslaginu og þunnum linsum af grænleitri gjósku (Vj. 1000?). Lag [6] var um 15cm á þykkt en neðan þess tóku við um 40cm þykk lög af mold með þykkum sandlinsum og er greinilegt að vatn hefur oft runnið um svæðið til forna. Neðan þeirra var svo mól sem auk sandlinsanna litaði fyllingu grafanna grúa þannig að útlínur þeirra voru mjög vel afmarkaðar á yfirborði (lag 6).

Alls komu fram 9 grafir í skurðinum Grafirnar lágu eilítið skakkt við segulátt, norðnorð-austur- suðsuðvestur og lágu þær allar eins. Grafir I, II, VII, VIII og IX lágu að hluta inn í sniðið en grafir III, IV, V og VI lágu austar en sniðið og eru því ekki á sniðteikningunni.

Grafirnar eru allar teknar ofan í jarðlag [6] en 2-5cm þykkt torfblandið moldarlag úr laginu er ofan á fyllingu grafanna, líklega hefur verið sléttað út eftir að gröfinni var lokað. Það lag er því talið með lagi [6]. Gröf I á mynd var opnuð og tekin úr henni beinagrind. Gröf II hefur skorið gröf I í blá höfuðendann því þar komu fram bein úr fótum ungbarns þegar verið var að hreinsa fram höfuðkúpuna.

Túlkun:

Allar grafirnar sem komu fram í skurðinum liggja undir H1104 gjóskunni óhreyfðri. Svo virðist sem menn hafi haft fyrir því að slétta úr leiðum þannig að yfirborð garðsins hefur verið nokkuð slétt. Jarðvegslagi hefur verið bætt í garðinn eftir 1104 en engin merki voru í skurðinum um að grafið væri ofan í það. Yngri grafir kunna þó að liggja annarsstaðar í garðinum. Annað hvort hefur byggð lagst af í einhvern tíma áður en að Hekla 1300 féll eða að bærinn hafi flust lengra frá kirkjugarðinum því óhreyft fokmoldarlag lá undir gjóskunni. Beint ofan hennar er svo þriðja torflagið í garðinum en mjög ólíklegt er að þá hafi það tengst greftrun í honum. Ef til vil hefur yfirborð verið sléttað þar sem að garðurinn hefur verið á hlaði bæjarins.

Gröf I

Ein grafanna í garðinum var opnuð og úr henni fjarlægð beinagrind konu. Lengd grafar á yfirborði var 1,58cm og breidd við axlir 62cm og 60cm í fótenda. Dýpt frá yfirborði og niður á botn var 85cm. Gröfin var stærri í botni en yfirborði, um 179cm á lengd. Beinagrindin lá örlítið á ská miðað við legu á yfirborði og svo virtist sem grafið hafi verið inn undir höfuðenda til að koma höfðinu fyrir og í suðurhlið við fótenda til að koma fótunum fyrir. Höfuðendi í botni skurðar var því einungis um 30cm og fótendi um 40cm. Í hliðum grafarinnar mátti sjá að grafið hefur verið niður í gegn um 10-15cm þykkt moldar/torflag [6]. Undir því var 40cm þykk lög af óhreyfðri mold og sandlinsum. Neðan þess var svo komið niður í malarlag um 30cm þykkt. Fyllingin í gröfinni var sambland þessara laga en hún var mjög gráleit og því bar vel á gröfunum á yfirborði þar sem þær skáru marglitt torflag [6].

Engin merki voru um kistu og lega beinagrindarinnar bendir ekki til að kista hafi nokkru sinni verið til staðar. Beinagrindin lá á bakinu handleggir niður með síðu, hægri hönd lá á hægri lærleggshöfði og vinstri hönd yfir lífbeini. Hné lágu saman og fótleggir samsíða, hægri fótur lá yfir þeim vinstri. Höfuðið hallaði eilítið til vinstri en engin merki eru um að höfuðið hafi verið skorðað að öðru leyti en því að grafið hefur verið lítið útskot til að koma höfðinu fyrir.



Mynd 15. Beinagrind konu sem lá í gröf I. Beinagrindin var á ská miðað við útlínur grafar á yfirborði. Ljós. GSS.

Minjar á Miðgrund:

Á Miðgrund hefur verið kirkjugarður sem líklega hefur að mestu verið í notkun fyrir aldamótin 1100. Kirkjugarðurinn hefur verið um 20m í þvermál og þétt hefur verið grafið í hann. Hvar bærinn hefur verið miðað við kirkjuna/kirkjugarðinn er ekki hægt að fullyrða en ekki er óvarlegt að ætla að hann hafi staðið þar sem gamli bærinn stóð fram á 20. öldina eða í eða undir öskuhólnum á bak við bæjarhúsin.

Samantekt og umræða

Sumarið 2009 fór fram fornleifarannsókn á fjórum jörðum í tengslum við Skagfirsku kirkjurannsóknina. Á þremur þessara staða voru til ritheimildir um garða. Á Gili í Borgarsveit eru heimildir um að kirkjugarður hafi verið aflagður á seinni hluta 14 aldar. Á Stóru-Seylu (þá Seylu) er minnst á kirkjugarð í Sturlungu sem aflagður á að hafa verið á 13. öld en bænhús var enn í notkun á staðnum á 18. öld. Kirkju- og kirkjugarðsleifa er getið í jarðabók 1713 á Mið-Grund í Blönduhlíð en engar frekari heimildir eru til um kirkju þar. Leifar grafa fundust á Seylu og Miðgrund en kirkjugarðinn á Gili var ekki að finna þar sem ætlað var að hann lægi. Einnig var grafið í kirkjugarð á meintum Hegranesþingstað í landi jarðarinnar Garðs í Hegranesi. Engar heimildir eru til um kirkju eða kirkjugarð þar og hefur kirkjugarðshringurinn sem glöggst sést enn ýmist verið kallaður dómhringur eða lögrétta og talinn tengjast þinghaldi á staðnum. Óvæntasta uppgötvun sumarsins var þó líklega fundur eldri kirkjugarðs á Seylu og er það fyrsti staðurinn sem skoðaður hefur verið sem staðfest er að kirkjugarður hafi færst um leið og bæjarstæði.

Það er því búið að staðfesta tilvist 10 kirkjugarða frá 11-13. öld með fornleifarannsóknum í Skagafirði. Þeir eru:

Nafn jarðar	11. öld	12. öld	13. öld	Kirkjugarðs veggur	Heimild	Varðveisla beina
Hof í Hjaltadal ¹⁹			x			Sæmileg
Ás í Hjaltadal ²⁰	x			x	x	Slæm
Sauðá í Borgarsveit ²¹	x					Slæm
Keldudalur í Hegranesi ²²	x	x		x		Góð
Skíðastaðir í Laxárdal*		x		x	x	Slæm
Steinsstaðir í Tungusveit*	x					Góð
Garður í Hegranesi*	x	x		x		Góð
Stóra-Seyla, Langholti*	x			x		Góð
Stóra-Seyla, Langholti*		x		x	x	Slæm
Mið-Grund, Blönduhlíð*	x			x	x	Góð

*Staðir sem grafnir hafa verið í tengslum við Kirkjurannsóknina.

Einnig hefur nokkur fjöldi kirkjugarðsleifa og heimilda um beinafundi og aðrar vísbendingar um garða verið skráðar í tengslum við rannsóknina. Það verður því sífellt augljósara að um mikinn fjölda garða er að ræða innan héraðsins, mun fleiri en áður hafði verið talið. Reynt hefur verið að leita garða á skipulegan hátt og rannsaka þá út frá mismunandi heimildum. Eins staðar er getið í samtímaheimild (Sturlungu), eins er getið í Kristnisögu, nokkrir eru orðnir að munnmælum í jarðabókinni frá 1713 og sumstaðar er einungis um að ræða tilvist mannvirkjaleifa og/eða örnefna sem þykja vísbending um garða. Enn aðrir garða hafa komið óvænt upp við framkvæmdir.

¹⁹ Guðmundur Ólafsson, 1984, bls. 117-134.

²⁰ Orri Vésteinsson, 1998.

²¹ Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl, 2000.

²² Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir, 2007, bls. 225-230.

Frumniðurstöður rannsóknarinnar benda til að flestir sjálfstæðir bæir hafi á 11. öld haft eigin grafreit og að um og eftir aldamótin 1100 hafi menn enn verið að grafa í heimilis-kirkjugarðana. Garðarnir eru í flestum tilfellum aflagðir fyrir 1300 og vísbendingar eru um að mjög hafi dregið úr greftrun í þá þegar um miðja 12. öld. Ekki er ólíklegt að það tengist stofnun Hólastóls 1106 en í framhaldi af því eflist mjög kirkjuvald í héraði og skipulag kirkjunnar fer í fastari skorður. Með tíundarlögunum 1097 fer eign og umsjón kirkna að verða í æ meira mæli efnahagslegs eðlis, kirkjur urðu að tekjulind um leið og nýjar kvaðir voru settar á þá sem höfðu kirkju á jörðum sínum.

Enn er eftir mikil vinna í tengslum við rannsóknir sumarsins og er hér einungis tæpt á þeim niðurstöðum sem efnið býður upp á og sem verið er að vinna úr. Enn er eftir að klára ýmsar greiningar og úrvinnslu gagna og mun fyllri skýrsla koma út á vordögum 2010.

Fornleifavernd ríkisins veitti leyfi til uppgrftar ofangreindra staða auk þess sem landeigendur veittu einnig góðfúslegt leyfi sitt. Landeigendur eiga þakkir skyldar fyrir upplýsingar og aðstoð sem veitt var við rannsóknina

Heimildir

Adolf Friðriksson (ritstj.). 2004. *Þinghald að fornu. Fornleifarannsóknir 2003*. Fornleifastofnun Íslands, FS233-02142. Reykjavík

Biskupa sögur I (1858-1878). Kh.

Bruun, D. (1899). “Arkæologiske undersøgelser paa Island foretagne i sommeren 1898” *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Fylgirit 1899:2 47. 1899: 2-47.

Grettis saga Ásmundarsonar. Íslensk fornrit VII. Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson og Mjöll Snæsdóttir (1975 (1976)). “Rúst í Hegræsi.” *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*: 69-78.

Guðmundur Ólafsson. 1984. Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983*. Bls. 117-134. Reykjavík.

Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir. 2007. Keldudalur – A sacred Place in Pagan and Christian times in Iceland. Í Ulf Fransson ofl. (ritstj.), *Cultural interaction between east and west: Archaeology, artefacts and human contacts in northern Europe*, bls. 225-230. Stokkhólmi.

Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi*. Akureyri, 2001.

Íslenskt fornbréfasafn II, 1253-1350. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenskt fornbréfasafn III, 1269-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kmh. 1847.

Kålund, P. E. K. (1879). Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island. Kh.

Ljósveitinga saga (1940), Íslensk fornrit X, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifarannsókn á Neðra-Ási í Hjaltadal 1998*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík

Sigurður Vigfússon (1888-1892 (1892)). “Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886.” *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*: 76-123.

Sturlungasaga I. Sturlungaútgáfan. Reykjavík, 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II
Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnaskrá fyrir Stóru-Seylu, Rósmundur Ingvarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.


Örnefnaskrá Garðs. Skráð eftir Páli Pálssyni og Sigurði á Kárastöðum. Örnefnastofnun Íslands.

Garður í Hegranesi - yfirlitsteikning


09.07.2009

Teikn.: GZ, GSS

Skurður I




Skurður II



Garður í Hegranesi - austursnið í kirkjugarðsvegg

13.07.2009

Teikn.: GZ



1. Grasrót




6. Torflag í kirkjugarði,
með H1104



2. Rótað torf og
fokmold



7. Torflag í kirkjugarði
með Lnl og flekkjum af H3



3. Torf í kirkju-
garðsvegg, með H1104



8. Rauðleitt torf í hnausum



4. Grjóthleðsla, undir-
staða undir torfhleðslu




9. Rótað torfblandað lag, líklega
til að slétta undir garðinn



5. Hrun úr kirkjugarðs-
vegg, með H1104



10. Óhreyft




Steinar

Gil í Borgarsveit - skurður 3

Austursnið í skurði norðan bæjarlækjar

23.07.2009


Teikn.: GSS



1. Gräsrot



2. Rótað lag með móöskuflekkjum og þykkum linsum af gráu gjóskulagi og H1104



3. Grábrúnt torf með móösku með þunnum linsum af H1104 og LnL



4. Móöskulag, bleikt með kolalinsum og flekkjum af H3. Liggur beint ofan á H1104 in situ



5. Móösku- og fokmoldarlög með koladreif efst

Stóra-Seyla, Langholti

Yfirlitsteikning af gamla bæjarstæðinu og fornum minjum
og kirkjugörðum

Teikn.: GZ




Fjárhústöft



Bæjarlækur

Súrheyshlaða
Gamla bæjarstæðið



Bæjarstæðið fyrir 1104

Eldri kirkjugarðurinn



Framræsluskurður

Tún



Yngri kirkjugarðurinn

Vegslóði


5 10 20 30 40 50 m

Gil í Borgarsveit

Austursnið í skurði - syðri veggurinn

22.07.2009

Teikn.: GZ



1. Grasrót



4. Rótað torf með H1104



2. Mold með torfflygsum sem í eru H1104



3. Torfveggur með H1104




6. Fokmoldarlag sem í eru dreifar af H1104, H3, kolum og lítilsháttar móösku

Stóra-Seyla, Langholti

Yfirlitsmynd yfir kirkjugarð og könnunarskurð

Teikn.: GZ




Stóra-Seyla - Langholti


Yfirlitsmynd af minjum neðan (austan) gamla bæjarstæðisins

Teikning gerð eftir uppmælingum SASS og birt með þeirra leyfi.

leyfi. Teikn.: GZ



Mið-Grund - yfirlitsmynd




Mið- Grund í Blönduhlíð - skurður 1

Austursnið í kirkjugarðsvegg

31.07.2009

Teikn.: GZ



1. Grasrót



5. Rauðleitt mýrar-
torf



2. Ormétið fok-
moldarlag með
dreif af kolum



6. Torf með Lnl og
svartri þunnri gjósku




3. Torflag,
hrun(?)



7. Rótað torf með sam-
skonar torfi af efri hluta
torfveggjar



4. Fokmold




8. Fokmold með votti af
torfi og kolum

Mið-Grund, skurður 2

Vestursnið uppgriftarsvæðis í kirkjugarði

31.07.2009

Teikn.: GZ, GSS



1. Grásrót



2. Mjög ormétið og rótað lag
lítillsháttar mannvist en annars
náttúrulegt



3. Nánast jafnþykkt laust torflag með
flekjum af H1104



4. Óhreyfð fokmold



5. Þétt torflag með linsum af
H1104



6. Torflag með Landnámslaginu,
rauðleitt mýrartorf